



**Ársskýrsla Æskulýðsstarfs Hestamannafélagsins Loga
2013-2014**



Æskulýðsnefnd Loga

Líney S Kristinsdóttir

Pórey Helgadóttir

Freydís Örlygsdóttir

Ingibjörg Sigurjónsdóttir

Katrín Rut Sigurgeirsdóttir

Æskulýðstarf Loga var með nokkuð hefðbundnu sniði þetta árið, en að vanda hefjumst við handa með uppskeruhátðinni sem haldin er að á hverju hausti. Þar kynnum við dagskrá næsta árs og förum yfir líðandi starfsár ásamt því að veita Feykiskjöldinn.

Í október heimsóttu yngri krakkarnir aftur Hrosshaga og var þar ýmislegt brallað. Þetta árið fórum við með unglingana í ferðalag en það var farið í heimsókn til Hauks og Röggva í Austurási og til Freyju í Votmúla og fræðst um hestabrautina.

Uppsveitadeildin var að vanda haldin í Flúðahöllinni í samstarfi við Smára og Trausta og hafa æskulýðsnefndirnar ávalt séð um mótahaldið. Þetta er fjórða árið sem mótaröðin er haldin og krakkarnir taka stöðugum framförum.

Sú nýbreytni var í ár að við skelltum okkur í Fákasel að sjá hestaleikritið svokallaða. Þetta verkefni var í samstarfi við æskulýsnefndir Smára og Trausta og er ekki hægt að segja annað en þetta hafi tekist vel, góð mæting og allir voru ánægðir með þessa för.

Kúrekanámskeiðið var haldið annað árið í röð enda verulega skemmtilegt námskeið fyrir alla aldurshópa. Síðan var Sólon Morthens með námskeið fyrir eldri krakkana en það námskeið var hugsað fyrir þá sem stefndu á keppni á árinu.

Annað mótahald má nefna : Vetrarmótið sem eru í samstarfi við Trausta, firmakeppni Loga á vordögum , tölmtót Loga,Trausta og Smára sem var endurvakið í ár og haldið í Flúðahöllinni. Hestaþing Loga sem haldið er í Hrísholti um verslunarmannahelgina ár hvert .

Á öllum þessum mótum áttum við duglega krakka í barna og unglingaflokkum ásamt því að ungmennaflokkurinn er einn sterkasti flokkurinn á okkar mótum. Síðan má ekki gleyma Suðurlandsmóti, Íslandsmóti og Landsmótinu en þar áttum við flotta krakka í öllum flokkum sem stóðu sig virkilega vel og enduðu tveir þeirra í úrslitum á Landsmóti.

Eitthvað af föstum liðum var lagt niður í ár vegna veðurs og lélegrar þáttöku en td. var reiðnámskeið sem verið hefur á vorin fellt niður vegna dræmrar þáttöku og Álfareið og Kjóstaðaleikar fengu frí í ár.



Uppskeruhátíðin

Uppskeruhátíð Æskulýðsnefndarinnar var haldin 10. október en þar koma krakkarnir saman ásamt foreldrum. Við förum yfir árið og kynnum dagskrá næsta árs og gæðum okkur á veitingum.

Undafarin ár hefur verið fyrirlesari en í ár fengum við hana Rósu Birnu Þorvaldsdóttur til að halda fyrirlestur. Hún náði krökkunum allveg á sitt band þar sem hún talaði um hestinn og umhirðu hans bæði andlega og líkamlega. Gaman að fá hana í heimsókn.

Hápunkturinn á þessu kvöldi hefur verið þegar að farandgripurinn Feykir er veittur en hann kemur í hönd þess barns eða unglings sem með framkomu sinni og dugnaði er öðrum góð fyrirmynd og að þessu sinni hlaut Sigríður Magnea Kjartansdóttir gripinn og er hún vel að honum komin.



Hrosshagaheimsókn

25. október stóð æskulýðsdeildin fyrir heimsókn í Hrosshaga til Sólons og Þóreyjar. Um 20 börn 10 ára og yngri mættu ásamt foreldrum og áttu góðan dag saman. Sólón var með fræðslu fyrir krakkana og fór hann yfir hvað líkamspartar hestsins heita. Þau voru mjög virk og dugleg að svara spurningum. Æskulýðsdeildin grillaði pylsur og bauð uppá kökur á eftir. Svo var leikið, hlaupið og hamast.

Vettvangsferð

Farið var 16. nóvember með krakka 10 ára og eldri í vettvangsferð. Byrjað var að fara í Votmúla þar sem krakkarnir fengu fræðslu um hestabrautina í FSU. Síðan var farið í Austurás og skoðað hesthúsið og starfsemin þar. Fengu krakkarnir að sjá hest hlaupa á vatns hlaupabretti. Eftir þessar heimsóknir endaði dagurinn á að fá sér pizzu og fara í bíó.



Fákasel

11. apríl stóðu æskulýðsdeildir Loga, Smára og Trausta að skemmtiferð í Fákasel. Um 40 manns lögðu leið sína með rútu í Ölfusið þar sem Guðmar sýndi okkur hesthúsin, aðstöðuna og leiksviðið sjálft. Við fengum pizzuhlaðborð í Fákaseli áður en við sáum sjálfa sýninguna. Þetta var mjög flottur og skemmtilegur dagur og bæði fullorðnir og börn skemmtu sér mjög vel.



Hestaíþróttamaður Loga

Í ár var það ungmenni sem hlaut titilinn Íþróttamaður Loga en það var hann Finnur Jóhannesson sem hlaut titilinn fyrir glæsilegan árangur í keppni árið 2013 og var hann heiðraður á aðalfundi Loga. Þess má einnig geta að hann hlaut einnig titilinn árið 2012 þá enn í unglingaflokki, sannarlega upprennandi keppnismaður hér á ferð. Finnur var einnig kjörinn knapi mótsins á Hestaþingi Loga.



Reiðnámskeið

Reiðnámskeið sem vera átti í júní hjá félaginu var felld niður vegna dræmrar þátttöku en önnur reiðnámskeið ár árinu voru Kúrekanámskeið og námskeið fyrir eldri krakka hjá Sóloni Morthens.



Kúrekanámskeiðið var haldið annað árið í röð. Námskeiðið hófst í mars og stóð fram í apríl og fór fram í reiðhöllinni á Flúðum. Kúrekanámskeið er ætlað krökkum frá aldrinum 7-17 ára.

Námskeiðið gengur út á að nálgast hestinn í gegnum leik og glens, þar sem árhersla er lögð á jafnvægi og snerpu. Eldri krakkarnir riðu oft berbakt og yfirleitt bara á bandmúl og þau yngri fóru í þrautir og gerðu jafnvægisæfing svo sló fótbolttinn í gegn hjá öllum aldursflokkum þar sem farið var í fótbolta með pilates bolta. Námskeiðið var skemmtilegt að vanda. Kennari var Inga María Jónínudóttir reiðkennari.

Sólon Morthens hélt námskeið fyrir eldri krakkana sem voru í keppnishugleiðingum. Námskeiðið var einstaklingsmiðað fyrir þá krakka vildu byggja upp keppnishest og ætluðu sér að taka þátt í keppni á árinu. Kennt var í Flúðahöllinni og að Kjóstöðum en Gunnar og Þóra voru svo almennileg að leyfa okkur að nota reiðhöllina sína.

Mótin á árinu.



Uppsveitadeild Æskunnar.

Uppsveitadeild Æskunnar var haldin í fjórða sinn, en þetta er mótaröð sem hestamannafélögin Logi, Smári og Trausti standa sameiginlega að. Uppsveitadeildin er bæði liðakeppni milli félaganna og einstaklingskeppni, en keppt er í barna og unglingaflokk. Keppt er í reiðhöllinni á Flúðum og eru mótin alls þrjú talsins. Fyrsta mótið var haldið 8. mars og þá var keppt í þrígangi barna og fjórgangi unglinga. Annað mótið var haldið 19. apríl og þá var keppt í smala og fljúandi skeiði. Svo að lokum var síðasta mótið haldið 3. maí og þá var keppt í tölti og fjórgangi barna og tölti og fimmgangi unglinga. Þátttaka á þessum mótum er mjög góð, en er samt alltaf best þegar keppt er í smalanum. Þessi mótaröð hefur tekist mjög vel og er vikilega ánægjulegt að sjá hversu keppendum hefur farið mikið fram frá því mótið var haldið fyrst. Síðan er ekki síður ánægjulegt hversu vel samstarf hestamannafélaganna hefur gengið og hversu vel krakkarnir í félögunum hafa náð saman. Reynslan af Uppsveitadeild Æskunnar er það góð að þessi mótaröð er örugglega „komin til að vera“ næstu árin.

Vetrarmót

Hestamannafélögin Logi og Trausti halda sameiginleg vetrarmót ár hvert og skiptast á að halda þau, þetta eru þrjú mót haldin í febrúar, mars og apríl. Í ár endurvöktum við ungmennaflokkinn en það eru þó nokkur ár síðan að næg þáttaka hafi verið svo hægt hafi verið að bjóða upp á ungmennaflokk.

Firmakeppni

Firmakeppnin stendur alltaf fyrir sínu og er haldið í júní ár hvert að þessu sinni 14. júní. Þar er alltaf boðið upp á pollaflokk sem hefur verið vinslæll og gaman að fylgast með þeim yngstu að stíga sín fyrstu skref. Eftir keppni er svo alltaf grillpartý í boði Loga.

Tölmót Loga, Trausta og Smára

Í ár var tölmót Loga, Trausta og Smára endurvakið en það hefur gengið brösulega að halda þetta mót undanfarin ár þar sem nóg er um mótahald. Mótið var haldið að kvöldi 16. apríl í Flúðahöllinni og var þáttaka nokkuð góð og gæti vel verið að þetta mót sé bara komið til að vera.

Hestaþing Loga

Hestaþing Loga fór fram um verslunarmannahelgina í Hrísholti í blíðskapaveðri. Þetta er gæðingamót Loga en einnig er keppt í kappreiðum. Krakkarnir hafa verið dugleg að taka þátt í flestöllum greinum þar og í ár var meirihluti þáttakenda í kappreiðunum unglingar og ungmenni.





Landsmót

Það fóru sex krakkar fyrir hönd Loga á Landsmót og stóðu sig öll vel. Bæði börnin í barnaflokk komust í úrslit og riðu þar B úrslit með gæsibrag. Þegar leið að Landsmóti bauð Logi börnum, unglingum og ungmennum upp á aðstoð við undirbúning fyrir úrtöku og svo undirbúning fyrir mótið fyrir þau sem komust áfram. Félagið fékk til þess Sylvíu Sigurbjörnsdóttur til að kenna og fara yfir helstu reglur og önnur atriði sem þarf að hafa í huga fyrir Landsmót.

Á öllum þessum mótum áttum við flottan hóp af upprennandi knöpum í barna, unglinga og ungmennaflokk. Nokkrir krakkar tóku síðan þátt í ýmsum fleiri mótum eins og Íslandsmótinu, Suðurlandsmótinu og ofl. og stóðu sig öll mjög vel.

Þegar þessi skýrsla er skrifuð erum við í æskulýðsnefndinni að undirbúa uppskerhátíðina þar sem má segja að nýtt starfsár hefjist og hlökkum við til að takast á við skemmtilegt vetrarstarf með kátum og duglegum krökkum sem hafa verið félaginu til sóma



Kær Kveðja
Æskulýðsnefnd Loga